

Greinargerð vegna olíuleka frá bensínstöð Costco Wholesale Iceland ehf., Kaupúni 2, Garðabæ.

Kópavogur, 24. janúar 2023

Fimmtudaginn 15. desember s.l. barst Heilbrigðiseftirlitinu (HEF) kvörtun frá íbúa í vesturbæ Hafnarfjarðar um að olíu- og/eða tjöruhreinsislykt bærisk úr frárennsliskerfi bæjarins og inn í íbúðarhús. Heilbrigðisfulltrúi fór á staðinn og staðfesti að lykt bærisk úr fráveitukerfinu. Jafnframt skoðaði hann brunna í nágrenninu og fannst olíulykt úr brunnum á stofnlögn við Víðistaðatún og á fráveitulögnum í íbúðarhverfi vesturbæjar. Heilbrigðiseftirlitið hafði í framhaldinu samband við umhverfis- og veitustjóra og fékk þær upplýsingar að engar kvartanir hefðu borist á þeim tímapunkti til Umhverfis- og skipulagssviðs vegna lyktamengunarinnar. Næstu daga og vikur bárust heilbrigðiseftirlitinu fjöldi kvartana frá íbúum í vesturbæ Hafnarfjarðar.

Heilbrigðiseftirlitið ásamt starfsmönnum fráveitu Hafnarfjarðar fóru strax í umfangs mikla leit að uppruna mengunarinnar sem fólst í skoðun á fyrirtækjum sem tengd eru fráveitunni, skoðun og myndun fráveitulagna auk útskolunar á hluta fráveitulagna.

Reynt var að einangra lyktina eftir hverfum með því að þefa úr brunnum en það reyndist ekki gefa nægilega góða raun, þó lyktin hafi ávallt verið bundin við stofnlögn fráveitunnar, þar sem stundum mátti finna lyktina og stundum ekki. Tíðarfarið í desember gerði leitin erfiðari þar sem margir brunnar voru á kaf í ís og snjó og erfitt að koma því við að grafa þá upp. Heilbrigðisfulltrúi fór í eftirlit í bensínstöð Costco um miðjan nóvember og reyndist niðurstaða eftirlits góð og stöðin með sjálfvirka olúnema á öllum olúskiljum. Engin olíulykt greindist í brunni við Drangahraun, þar sem fráveita Garðabæjar tengist við fráveitulögn Hafnarfjarðar. Sökum þess þá var leitinni beint að iðnaðarsvæðinu milli Reykjavíkurvegar og iðnaðarsvæðis austan Reykjanesbrautar. Haft var samband við þau olúfélög sem eru með starfsemi á svæðinu í Hafnarfirði og þau beðin um að fara yfir öryggismál og olúskiljur á sínu svæði. Niðurstaða þeirra var að ekkert óeðlilegt hefði verið að sjá á þeirra stöðvum. Þá fóru heilbrigðisfulltrúar í heimsókn í allar bílapvottastöðvar á svæðinu og könnuðu efnanotkun og jafnframt var litið við á nokkrum verkstæðum á svæðinu.

Þessi ákvörðun okkar um að olúmengunin væri ekki frá Garðabæ, var því miður röng, að morgni 30. desember sl. hafði fulltrúi fráveitu Garðabæjar samband við heilbrigðiseftirlitið þar sem upplýst var að eftirgrennslan sýndi að lyktin bærisk að öllum líkindum frá bensínstöð Costco Wholesale Iceland ehf. þar sem þegar opnaðir voru brunnar við bensínstöðina mátti finna greinilega olíulykt og sjá mátti olíubrúk í fráveitulögn frá bensínstöðinni í fráveitulögn Garðabæjar.

Í framhaldi þess var farið í að skoða allar þrjár olíu- og sandskiljur bensínstöðvarinnar og reyndist olían koma úr skilju nr. 2, en sú skilja tekur afrennsli af olúgeymasvæði stöðvarinnar. Við þykktar mælingu á olíu í skiljunni reyndist umtalsvert magn vera í skiljunni. Heilbrigðiseftirlitið krafðist þess að dælubíl yrði þegar í stað kallaður til að hreinsa skiljuna og varð starfsmaður bensínstöðvarinnar strax við því. Eins fór heilbrigðiseftirlitið fram á að tæknimenn Olúdreifingar ehf. (ODR) yrðu fengnir þegar í stað þar sem fyrirtækið sinnir tæknimálum stöðvarinnar. Við uppdælingu úr olíu- og sandskilju



nr. 2 kom í ljós að skiljan var full af dísilolíu skv. starfsmanni frá Hreinsitækni. Þegar lokið var við hreinsun úr skiljunni mátti sjá að enn var allmikið innrennsli í hana þótt svo að hitastigið á þessum tímapunkti var -12°C . Að lokum kom í ljós að orsök lekans mátti rekja til olíubarka á öðrum af tveimur dísilolíugeymum stöðvarinnar sem hafði skemmst og gerðu starfsmenn ODR við barkann. Við skoðun heilbrigðisfulltrúa 30. desember kom einnig í ljós að sjálfvirkur viðvörðunarbúnaður í olúskilju nr. 2 var óvirkur og hafði verið það frá síðustu uppdælingu úr skiljunni sem framkvæmd var 9. desember 2022. Upplýst var af starfsmanni Costco að þörf hafi verið á að tæma olíu úr skilju nr. 2 þann 22. nóvember sl. Það að dæla hafi þurft upp úr olúskilju nr. 2 hefði átt að vekja athygli starfsmanna á að eldsneytislögn væri í ólagi.

Þann 4. janúar sl. sendi heilbrigðiseftirlitið eftirlitsskýrslu á bensínstöð Costco þar sem farið var í gengum málavexti og fyrirtækið upplýst um kvaðir reglugerða og starfsleyfisskilyrða. Í skýrslunni var farið fram á að fulltrúi fyrirtækisins kæmi til fundar við fulltrúa HEF þann 6. janúar, þar sem ekki höfðu borist neinar formlegar skýringar á tilurð mengunarslyssins né til hvaða ráðstafanna yrði gripið til að tryggja að slys sem þetta gerist ekki aftur. Á fundinum fóru fulltrúar heilbrigðiseftirlitsins fram á að Costco Wholesale leggði fram skýringar á því gáleysi sem leiddi til slyssins, gæfu upp áætlað magn þeirrar dísilolíu sem hafði borist í fráveitu sveitarfélaganna, gæfu upp magn þeirrar dísilolíu sem dælt var upp úr olú- og sandskilju, og leggðu fram úrbótaáætlun auk annars. Þegar engin svör höfðu borist frá félaginu sendi heilbrigðiseftirlitið tölvupóst þann 17. janúar þar sem gefin var frestur til enda föstudags 20. janúar sl. til að svara. Fulltrúi HEF sendi tölvupóst að nýju á Costco Wholesale 23. janúar með ítrekun um að félagið svari. Þann 24. janúar barst svarpóstur frá Costco þess efnis að tæknimenn á vegum Costco væru að fara yfir öll kerfi stöðvarinnar og að unnið væri að skýrslu með ítarlegum svörum sem berast myndi heilbrigðiseftirlitinu 25. janúar.

Leit að uppruna leka þegar finnst olúlykt í fráveitukerfinu er oft erfiðleikum bundið. Heilbrigðiseftirlitinu berast við og við kvartanir um slíka lykt sem í flestum tilfellum má rekja til næsta nágrennis lykta­rinnar, t.d. þegar unnið er við þrif á bílum og tjöruhreinsiefni notuð eða þegar litlir lekar verða við slys eða bilanir eða þegar olúefnum er hellt beint í niðurfall. Það að olía eða eldsneyti leki í fráveitukerfi í teljandi magni er fátítt.

Heilbrigðiseftirlitið hyggst í framhaldi af þessu máli meta skýringar Costco á þessum mistökum og skoða næstu skref. Því miður er ljóst að umtalsvert magn af olú fór í fráveitukerfið og þarf að meta það tjón sem af þessu varð. Þá mun heilbrigðiseftirlitið skoða verklagsreglur og eftirlits tækjabúnað þegar olúlykt finnst úr fráveitukerfum með það að markmiði að stytta tímamann sem tekur að finna uppruna mengunar.

Virðingarfyllst,



Hörður Þorsteinsson,
framkvæmdarstjóri HEF.

